

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 9. júní 2015 og hófst kl. 9.00. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir tilkynntu forföll. Guðrún Rögnvaldardóttir og Ari Páll Kristinsson voru gestir undir 1. lið. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ríkjaheitalisti sem staðall

Sjá fg. stj. ÍM 4/2015, lið 1. Guðrún Rögnvaldardóttir og Ari Páll Kristinsson voru gestir við þennan lið. Haraldur greindi fyrst stuttlega frá starfi ríkjaheitalistahópsins. Guðrún Rögnvaldardóttir útskýrði síðan hvernig ferlið væri við samningu og staðfestingu staðla. Erindi þyrfti að senda til Staðlaráðs með ósk um að skipuð yrði tækninefnd sem ynni að samningu staðals. Drög að honum yrðu síðan auglýst til umsagnar. Guðrún greindi einnig frá kostum og göllum við það að ríkjaheitalistinn yrði gerður að íslenskum staðli.¹ Við það fengju ríkjaheitin meira vægi en áður og öruggt væri hvað væri í gildi. Erfiðara yrði að breyta listanum en nú sem gæti bæði verið kostur og galli. Almennt væru tvímyndir ekki vel séðar í stöðlum en þó væri hægt að hafa þær ef þörf er á. Staðallinn yrði seldur af Staðlaráði en veita mætti opinn aðgang að almennum lista byggðum á aðallistanum. Ari Páll og fleiri töldu þetta ókost því að stefna Árnastofnunar væri að hafa gögn í opnum aðgangi. Formaður þakkaði Guðrúnu fyrir fróðlega kynningu.

Stjórn ÍM telur ekki á þessu stigi þörf á að breyta ríkjaheitalistanum í staðal. Steinunn sagði óþarfi að stökkva á þann vagn að flækja hluti sem væru einfaldir.

2. Skýrslur til ráðherra um störf Íslenskrar málnefndar 2010–2011 og 2011–2015

Sjá fg. stj. ÍM 2/2015, lið 2. Formaður óskaði eftir fleiri athugasemdum eða viðbótum við skýrsluna. Stjórnarmenn höfðu ekki athugasemdir. Formaður greindi frá nokkrum viðbótum við síðustu gerð skýrslunnar. Hún verður send til Íslenskrar málnefndar fyrir fund í lok ágúst.

3. Endurskoðun íslenskra ritreglna - yfirferð yfir tillögur frá 2010

Sjá fg. ÍM 4/2015, lið 3. Stjórnin hafði fyrir fundinn lesið aftur tillögur stafsetningarnefndar ÍM um stóran og lítinn staf, eitt orð eða fleiri og komusetningu sem skilað var til mennta- og menningarmálaráðherra 2010. Stjórninni líst sem fyrr vel á reglurnar. Stefnt er að því að því að fjallað verði um þessar tillögur og aðra kafla ritreglnanna, sem stafsetningarnefndin hefur unnið að, á síðasta fundi Íslenskrar málnefndar í lok ágúst. Ef ritreglurnar verða formlega samþykktar þar verður hægt að styðjast við þær í endurskoðun Stafsetningarorðabókarinnar sem stefnt er að komi út á næsta ári.

Formaður sagði mikilvægast að ritreglurnar væru ljósar og skýrar og hentuðu til kennslu í skólum.

¹ Alþjóðlegur staðall er til yfir landakóta (ISO 3166, sjá http://www.iso.org/iso/home/standards/country_codes.htm).

4. Önnur mál

a) *Málnefndafing í Hróarskeldu í ágúst*

Árlegt málnefndafing málnefndanna er haldið í ár í Hróarskeldu í Danmörku (sjá upplýsingar hér: <http://www.dsn.dk/nyt/nordisk-sprogmode-2015>). Ákveðið var að Steinunn Stefánsdóttir færi ásamt ritara ÍM á þingið og fund samstarfsnets málnefndanna, sem haldinn er daginn á undan þinginu.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 10.45.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.